

Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2009 – síðari umræða 19. febrúar 2009

Frumvarp að fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2009 er hér lagt fram til síðari umræðu. Frumvarpið gerir ráð fyrir verulegum sparnaði í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2009. Bæjarstjóri gerði ítarlega grein fyrir áformum bæjarstjórnar varðandi reksturinn í stefnuræðu sinni við fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 30. janúar. Síðan þá hafa bæjarstjórn borist góðar ábendingar varðandi sparnað og hagræðingu frá bæjarfulltrúum, starfsmönnum bæjarins og öðrum bæjarbúum. Ekki fer hjá því að skiptar skoðanir eru á þeim aðgerðum sem bæjarstjórn hyggst grípa til í sparnaðarskyni. Allar hugmyndir sem komið hafa fram verða skoðaðar. Ef þær virðast líklegar til að skila árangri verða þær kostnaðarmetnar. Reynist þær bæði hagkvæmar og skynsamlegar út frá þjónustu við íbúa verða þær örugglega nýttar.

Breytingar á gjaldskrá og fjárhagsáætlun frá fyrri umræðu

Tekjuhlíð

Tekjur frá Jöfnunarsjóði eru áætlaðar 132,7 mkr. í stað 138 mkr. Munar þar mest um að fasteignaskattsjöfnun lækkar um 4 mkr. og útgjaldajöfnunarframlag er áætlað 1,3 mkr. lægra en í frumvarpinu til fyrri umræðu.

Styrkur vegna þróunarverkefnis á sviði þjónustu við íbúa af erlendum uppruna er hækkaður úr 2 mkr. í 4 mkr., en samningur við félagsmálaráðuneytið var undirritaður í síðustu viku.

Gjald í sund (stakir miðar) verður 390 kr í stað 450 eins og reiknað var með í fyrri gjaldskrá. Reiknað er með að eldri borgarar og öryrkjar greiði 50% gjald í sund, en fá einnig 50% afslátt af öllum öðrum liðum gjaldskrárinnar sem þeir fengu ekki áður. Þá er reiknað með að íþróttamiðstöðin verði opin fyrir íþróttahópa bæði í íþróttahúsi og í sundleikfimi á milli 17 og 19 á mánuðögum, en áður hafði verið gert ráð fyrir lokun á þessum tíma. Reiknað er með að tekjur af aðgangseyri í íþróttamiðstöðinni hækki um 1 mkr. frá fyrra frumvarpi.


Reiknað er með að almenn hafnargjöld hækki um 1 mkr., vörugjöld hækki um 650 þús. kr. og aðrar tekjur hækki um 1 mkr. frá fyrra frumvarpi. Tekjur aðalsjóðs hækki um 1 mkr. vegna hækkunar á þátttöku hafnarinnar í skrifstofu- og stjórnunarkostnaði.

Gjaldahlíð


Gert er ráð fyrir að niðurgreiðslur vegna vistunar barna hjá dagmæðrum verði 2,7 mkr. á árinu, sem ekki var reiknað með í fyrra frumvarpi. Gert er ráð fyrir að 1,5 mkr. meiri sparnaði í áhaldahúsi og eignasjóði en gert var ráð fyrir við fyrri umræðu. Gjöld hafnarinnar vaxa um 1 mkr. vegna þátttöku í skrifstofukostnaði. Aðrar breytingar eru óverulegar frá fyrri umræðu.

Skatttekjur

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að skatttekjur sveitarfélagsins verði 317 mkr. Þar af er útsvarið 287 mkr. og fasteignaskattur 30 mkr. Reiknað er með að Jöfnunarsjóður verði 132,7 mkr. auk sérstaks framlags úr Jöfnunarsjóði 66 mkr.




Heildartekjur samstæðunnar, A- og B-hluta verða 708 milljónir króna á árinu 2009, að meðtöldu sérstöku framlagi jöfnunarsjóðs. Skipting teknanna er þannig að 45% eru skatttekjur, 29% úr Jöfnunarsjóði en 26% eru þjónustutekjur. Heildarútgjöld eru 661 mkr. þannig að skv. áætluninni er hagnaður er af rekstrinum 47 mkr..




Útgjöld til málaflokka

Fróðlegt er að skoða skiptingu útgjalda á málaflokka. Fræðslu og uppeldismál eru þar fyrirferðarmest með gjöld sem nema 229 mkr. eða 49% útgjalda málaflokka.



Sameiginlegur kostnaður sem nemur 61 mkr. samanstendur af kostnaði við sveitarstjórn og nefndir, lífeyrisskuldbindingar, framlög til samtaka sveitarfélaga ásamt rekstri bæjarskrifstofu og endurskoðun og er u.þ.b. 13% útgjalda. Æskulýðs- og íþróttamál nema 11% útgjalda og eru


tæplega 51 mkr., en félagsþjónustan nemur 36,4 mkr. eða 8%. Rekstur allra annarra málaflokka en fræðslumála kostar 234 mkr.. Þetta er nálægt því að vera sama upphæð og rekstur fræðslu- og uppeldismála sem taka til sín lang stærsta hluta fjármuna sveitarfélagsins. Ef vaxtagjöld samstæðunnar eru borin saman við rekstur málaflokkanna kemur berlega í ljós hversu miklu máli það skiptir fyrir sveitarfélagið hvernig verðbólgan þróast og að það nái að vinna niður skuldinar. Vissulega þarf ekki að reiða fram á árinu öll vaxtagjöldin, þar sem verðbætur (og gengismunur) eru reiknaðar stærðir, en engu að síður hafa vaxtagjöldin bein áhrif á afkomuna og eru um 2/3 af kostnaði við fræðslumál.



Greiðslugeta sveitarfélagsins

Ein mikilvægasta stærðin í fjárhagsáætlun er veltufé frá rekstri, sem einnig má kalla getuna til að standa við afborganir af lánum. Afborganir lána hafa jafnan undanfarin ár verið fjármagnaðar með

nýrri lántöku og hefur þannig verið staðið í skilum með greiðslur. Eina leiðin til að hafa jákvætt veltufé frá rekstri er að skila hagnaði af almennum rekstri bæjarins, þ.e. innborgaðar tekjur þurfa að vera talsvert hærri en greidd útgjöld. Ef hagnaður er nægur má því bæði greiða af lánnum og fara í smærri fjárfestingar án frekari lántöku.




Fjárfestingar

Fjárfesting undanfarinna ára hefur verið veruleg, sérstaklega ef hún er borin saman við fjárfestinguna næstu árin þar á undan. Þar sem ekki hefur verið hagnaður af rekstrinum hefur öll fjárfestingin verið fjármögnuð með lántöku. Það er alveg ljóst að sveitarfélagið hefur gengið lengra í fjárfestingu en það hafði í raun bolmagn til. Þetta sést berlega ef bornar eru saman myndirnar sem sýna veltufé frá rekstri hér á undan, þar sem fram kemur að sveitarfélagið var ekki í stakk búið til að greiða af þeim skuldbindingum sem það hafði þegar. Það ásamt því að ekki hefur tekist að ná í hagkvæm lán nema að hluta til, hefur orðið til þess að fjármagnskostnaður hefur aukist gríðarlega mikið. Þess vegna hefur það verið forgangsverkefni að tryggja ódýrara fjármagn ásamt því að auka tekjur og draga úr öðrum útgjöldum. Ekki má þó líta á fjárfestingar sömu augum og hvert annað


eyðslufé. Fjárfesting myndar eign hjá sveitarfélaginu sem í flestum tilfellum má nýta um ókomin ár.

Aðalfjárfestingin á árinu 2008 er í endurbyggingu Félagsheimilisins, en auk þess var verið að fjárfesta í 25% kostnaðarhlutdeild bæjarins í stálþili á höfn og í 10% hlutdeild í snjóflóðavörnum. Eins og fram kom í stefnuræðu þ. 30. janúar er reiknað með að fjárfesta 20 mkr. í Félagsheimilinu á árinu 2009 og ljúka því á árinu 2010. Þá er reiknað með að hlutur bæjarfélagsins í þekju á höfn verði nálægt 13,5 mkr. og hlutdeildin í snjóflóðavörnum verði 21 mkr. eða alls u.þ.b 55 milljónir.




Skipting útgjalda sveitarfélagsins í laun og önnur útgjöld

Heildarútgjöld kaupstaðarins eru 661 mkr. en tekjurnar eru 708 milljónir þannig að hagnaður er 47 mkr. . Hagnaðurinn skýrist af sérstöku framlagi úr Jöfnunarsjóði 66 mkr. sem reiknað er með þetta eina ár.



Ef litið er á skiptingu útgjalda sveitarfélagsins þá kemur í ljós að stærsti útgjaldaliðurinn er laun eða 45%. Annar rekstrarkostnaður er 29%, en undir þann lið heyrja öll vöru og þjónustukaup, t.d. orkukostnaður og snjómokstur svo dæmi sé tekið og ýmiss kostnaður af rekstri fasteigna, húsaleigubætur ofl.. Þá má nefna matarinnkaup fyrir skólamötuneyti. Fjármagnsliðir eða vaxtakostnaður er 21% og afskriftir 5%.



Aðgerðaáætlunin

Í stefnuræðu við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun var farið yfir hvernig bæjarstjórn hyggst rétta af stöðu bæjarsjóðs með tekjuaukningu, sparnaði og lækkun fjármagnskostnaðar. Hér á eftir getur að líta yfirlit yfir þessa þrjá þætti.

Stutt yfirlit yfir tekjuaukningu

Á næstu mynd má sjá töflu yfir tekjuaukningu á árinu 2009. Miðað er við aukningu frá áætlun ársins 2008. Reiknað er með hækkun útsvars bæði vegna aukaálags 30 mkr. og vegna fjölgunar í bæjarfélaginu 21 mkr. Nettóhækkun tekna A sjóðs er ríflega 58 milljónir, en listinn á myndinni er ekki tæmandi.

Hækkun tekna frá áætlun 2008

Tekjur	Hækkun
Útsvarshækkun vegna aukaálags	30,0 mkr.
Útsvarshækkun önnur en aukaálag (fjölgun)	21,0 mkr.
Fasteignaskattur	4,4 mkr.
Hækkun Jöfnunarsjóðs	4,7 mkr.
Sorphreinsun	1,9 mkr.
Sorpeyðing	1,9 mkr.
Breyting ýmissa styrkja og endurgreiðslna	(5,4 mkr)
SAMTALS	58,5 mkr

Hjá B – fyrirtækjunum er reiknað með rúmlega 70 mkr. hækkun tekna, en þar munar mest um 66 mkr. framlagið frá Jöfnunarsjóði í félagslega íbúðakerfið. Aukning tekna hafnarsjóðs er veruleg m.v. áætlun 2008, en tekjur hafnarsjóðs á árinu 2008 voru einmitt nokkuð meiri en áætlanir gerðu

Tekjuaukning B – fyrirtæki m.v. áætlun 2008

Félagslegar íbúðir – tekjuhækkun	3,1 mkr.
Félagslegar íbúðir (Jöfnunarsjóður)	66,0 mkr.
Hafnarsjóður (aukning umfram kostnað)	7,3 mkr.
Vatnsveita	3,8 mkr.
Fráveita	3,5 mkr.
Samtals	70,6 mkr. (14,6 mkr. án Jöfnunarsjóðs)

ráð fyrir.

Yfirlit sparnaðaraðgerða

Mat hefur verið lagt á sparnaðaraðgerðir. Í töflunum tveimur hér á eftir gefur að líta það mat. Sýnd eru áætluð áhrif á árinu 2009 annarsvegar og hinsvegar áhrifin á ársgrundvelli.

Áhrif af sparnaðaraðgerðum í samanburði við það að engu hefði verið breytt (1)

Stofnun	Sparnaður 2009	Á ársgrundvelli
Grunnskóli	3,6 mkr.	8,4 mkr.
Leikskóli	3,0 mkr.	7,1 mkr.
Tónlistarskóli (þak á nem. fj.)	2,3 mkr.	5,4 mkr.
Áhaldahús og eignasjóður	9,3 mkr.	9,3 mkr.
Íþróttamiðstöð	5,5 mkr.	8,3 mkr.
Lækkun pen. styrkja + færri íþr. tímar	3,5 mkr.	3,5 mkr.
Félagsþjónusta	1,5 mkr.	3,0 mkr.
Brunamál	2,8 mkr.	2,8 mkr.
Viðhald gatna og stíga	4,1 mkr.	4,1 mkr.

Áhrif af sparnaðaraðgerðum í samanburði við það að engu hefði verið breytt (2)

Stofnun	Sparnaður 2009	Á ársgrundvelli
Snjómokstur	2,0 mkr.	2,0 mkr.
Bæjarstjóri – bæjarstjórn – nefndir	3,2 mkr.	3,2 mkr.
Tjaldsvæði	2,5 mkr.	2,5 mkr.
Skipulags og byggingamál	3,4 mkr.	3,4 mkr.
Umhverfismál	2,2 mkr.	2,2 mkr.
Skrifstofa	5,0 mkr.	5,0 mkr.
Ósvör – frestun framkvæmda	5,0 mkr.	5,0 mkr.
Annað	2,3 mkr.	2,3 mkr.
SAMTALS	58,9 mkr.	77,5 mkr.

Eins og sést á yfirlitinu er um verulegan sparnað að ræða. Dregið er úr framkvæmdum og viðhaldi eins og framast er kostur en einnig mun starfsmönnum fækka. Þegar ná þarf fram jafn miklum sparnaði og hér er gert ráð fyrir þá verður ekki undan því vikist að fækka starfsfólki, en eins og fram kom hér að framan þá er launakostnaður stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins. Ekki verður hér farið yfir helstu sparnaðaraðgerðirnar enda var það gert all ítarlega í stefnuræðu 30. jan. sl. En eins og sjá má í töflunum þá er reiknað með að ná fram 58 mkr. sparnaði á árinu 2009 eða 77 mkr. sparnaði á ársgrundvelli.

Lækkun fjármagnskostnaðar

Eins og fram hefur komið þá hefur Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga unnið með bæjarstjórn að lausn fjárhagsvanda Bolungarvíkurkaupstaðar. Þótt bæjarstjórn hafi ekki borist formlegt erindi frá EMFS varðandi þau mál sem nefndin hefur unnið að þá liggja fyrir munnlegar upplýsingar frá formanni nefndarinnar varðandi þau mál sem unnið hefur verið að. Nefndin gerir ráð fyrir því að þeir þættir sem settir eru fram í töflunni hér að neðan gangi allir eftir að því gefnu að sveitarfélagið leggi sitt af mörkum og standi við gerðar áætlanir.

Aðgerðir sem unnið hefur verið að í samstarfi við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga EMFS

Aðgerð	Upphæð
Niðurfelling lána hjá Íbúðalánasjóði	73 mkr.
Frysting lána hjá Íbúðalánasjóði	73 mkr.
Vaxtaleiðrétting hjá Sparisjóði Bolungarvíkur	15 mkr.
Framlag Jöfnunarsjóðs	67 mkr.
SAMTALS	228 mkr
Afgreiðsla lánsloforðs frá Lánasjóði sveitarfélaga	50 mkr.
Nýtt lán frá lánasjóði sveitarfélaga	90 mkr.
SAMTALS	140 mkr.

Auðveldlega má sýna fram á að skuldalækkun um 228 mkr. sem hér er gert ráð fyrir hafi svipuð áhrif og 10% álag á útsvar í 10 ár. Því má með sönnu segja að með því að ná fram þessari skuldalækkun þurfi sveitarfélagið að leggja minni álögur á íbúa sem nemur 10% af útsvarstekjum a.m.k. næsta áratuginn. Afgreiðsla lána frá Lánasjóðnum er einnig afar mikilvæg, þar sem þau gera sveitarfélaginu kleyft að greiða upp skammtímaskuldir og fara í þær framkvæmdir sem ráðgerðar eru í áætlunum.

Að lokum

Búið er að fara yfir stöðuna, greina vandamálin og leggja til lausnir. Bæjarfulltrúar sýna ábyrgð með því að standa saman að erfiðum ákvörðunum sem ekki verður komist hjá að taka. Rétt er að hafa hugfast að þær áætlanir sem bæjarstjórn hefur sett fram miða allar að því að gera stöðu byggðarlagsins betri þegar til lengri tíma er litið.

Bolungarvík 19. febrúar 2009

Elías Jónatansson, bæjarstjóri